

## Nefnd um menntunarmál fanga

Menntamálaráðherra skipaði nefnd í maí sl. til þess að fjalla um og vinna að stefnumótun í menntunarmálum fanga. Í bréfi [Fangelsismálastofnunar](#) til menntamálaráðherra 9. nóvember 2005 kemur fram að ýmsar breytingar eru fyrirhugaðar í fangelsum landsins og stofnunin telur brýnt að við framtíðaruppbyggingu fangelsanna verði sérstaklega hugað að námsmöguleikum fanga, enda þýðingarmikill þáttur í endurhæfingu þeirra. Huga þarf sérstaklega að fjarkennslu gegnum netið, verkmenntun, menntun fanga af erlendum uppruna og þeim hópi fanga sem af ýmsum ástæðum hafa ekki lokið skyldunámi.

Menntamálaráðuneyti og dóms- og kirkjumálaráðuneyti munu vinna náð saman að þessum málum í samvinnu við Fangelsismálastofnun og þær menntastofnanir sem koma að kennslu fanga. Nefndin er skipuð fulltrúum frá áður nefndum ráðuneytum, einum fulltrúa frá Fangelsismálastofnun og einum fulltrúa frá [Fjölbrotaskóla Suðurlands á Selfossi](#).

Fljótlega eftir að nefndin hóf störf upplýsti fulltrúi Fangelsismálastofnunar að í bígerð væri að gera samnorræna könnun á menntun fanga. Markmiðið með könnuninni er að afla upplýsinga um hvaða menntun fangar hafa, hvaða menntun þeir hafa hug á að afla sér, hvernig kennsla í fangelsinu kemur þeim fyrir sjónir og hvernig þeir haga námi sínu. Hvert land ber ábyrgð á framkvæmd könnunarinnar og greiðir kostnað við hana, en fjárveiting hefur fengist frá CIRIUS til að vinna úr upplýsingum frá löndunum og vinna lokaskýrslu. Menntamálaráðuneyti og dóms- og kirkjumálaráðuneyti hafa ákveðið að Ísland taki þátt í þessari könnun og verða spurningalistar lagðir fyrir alla fanga í landinu í október nk. Nefndin væntir þess að þær upplýsingar sem fást úr þessari könnun munu nýtast vel í stefnumótunarvinnunni. Helgi Gunnlaugsson afbrotafraeðingur mun hafa yfirumsjón með könnuninni hér á landi og Bogi Ragnarsson mun leggja spurningalistana fyrir og vinna úr gögnum.



Evrópskur tungumáladagur  
26. september

### Kynningarfundur um tungumálaverkefni 4. október nk.

Í tilefni af [Evrópskum tungumáladegi 26. september](#) 2006 heldur menntamálaráðuneytið kynningarfund í Norræna húsinu 4. okt nk. kl. 15.00-17.00, þar sem kynnt verða nokkur verkefni á vegum ráðuneytisins sem tengjast tungumálakennslu. Eftirfarandi verkefni verða kynnt á fundinum, Evrópska tungumálamappan fyrir grunn- og framhaldsskóla, European Language Portfolio, nýleg úttekt menntamálaráðuneytisins á enskukennslu og könnun menntamálaráðuneytisins á menntun dönsku-, ensku- og íslenskukennara í grunnskólum 2005-2006. Boðið verður upp á kaffiveitingar að kynningu lokinni.

### Fjölgun kennara með háskólapróf

Ýmsan fróðleik er að finna í nýju riti [Hagstofunnar](#) um starfsfólk í leik-, grunn- og framhaldsskólum 2000-2005. Þar kemur m.a. fram að á skólastigunum þremur hefur hlutfall kennara með háskólapróf farið hækkandi á árabílinu 2000-2005 og fleiri kennarar höfðu kennsluréttindi haustið 2005 en haustið 2000. Hæst er hlutfall

réttindakennara í grunnskólum en þar eru tæp 87% kennara með kennsluréttindi. Sameiginlegt öllum skólastigum er að fleiri kennarar eru í fullu starfi haustið 2005 en haustið 2000.

#### Kennarastéttin er að eldast

Í riti Hagstofunnar kemur einnig fram að aldurssamsetning kennara er ekki sú sama eftir því hvaða skólastig er um að ræða. Yngsti hópurinn er inn í leikskólunum en sá elsti í framhaldsskólunum. Stærsti hópur starfsmanna í leikskóla árið 2005 er yngri en 30 ára. Í grunnskólum er fjölmennasti hópur kennara 40 til 49 ára en í framhaldsskólum er hann hins vegar 10 árum eldri eða 50 til 59 ára. Heldur fækkar í yngsta aldurshópnum á öllum skólastigum en fjölgar í elsta aldurshópnum á öllum skólastigum.

Árið 2000 eru leikskólakennarar 50 ára og eldri 14,2% starfandi leikskólakennara, árið 2005 voru þeir orðnir 17,5%. Grunnskólakennarar í þessum aldurshópi voru árið 2000 26,6% starfandi kennara en 5 árum síðar var hlutfallið komið í 31,5%. Árið 2000 var 37,5% starfandi framhaldsskólakennara 50 ára og eldri en árið 2005 voru þeir orðnir 45,3%. Því lætur nærri að annar hver framhaldsskólakennari sé fimmtugur eða eldri.



VIKA SÍMENNTUNAR

24. - 30. september 2006

### Vika símenntunar

Menntamálaráðuneyti stendur fyrir viku símenntunar sem haldin er dagana 24. - 30. september 2006. [Mennt -](#)

[samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla](#) sér um skipulagningu og framkvæmd verkefnisins í samstarfi við símenntunarmiðstöðvarnar níu á landsbyggðinni og [Mími – símenntun](#) á höfuðborgarsvæðinu.

Vika símenntunar er ársvisst kynningar- og hvatningarátak sem er ætlað að ná til alls landsins. Markmið átaksins er að vekja fólk til umhugsunar um mikilvægi menntunar og þess að ávallt er hægt að bæta við sig þekkingu. Áhersla viku símenntunar í ár er að ná til fólks sem hefur stutta formlega menntun og hvetja það til þess að sækja sér fræðslu. Átakinu er ætlað að hvetja, styðja og örva almenning til þess að afla sér upplýsinga um hvað í boði er og nýta sér það. Símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni og Mímir – símenntun á höfuðborgarsvæðinu skipuleggja dagskrá þessa daga þar sem boðið er upp á ókeypis námskeið og ráðgjöf og er almenningur hvattur til þess að nýta sér það. Símenntunardagur í fyrirtækjum og stofnunum var þann 27. september sl. Þann dag voru fyrirtæki og stofnanir hvött til að tileinka fræðslumálum starfsmanna, til dæmis með því að kynna starfsmönnum fræðslustefnu eða halda námskeið.



Þann 26. september sl. opnaði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir nýjan innri vef fyrir starfsfólk menntamálaráðuneytisins. Myndin er frá opnun vefsins.

